

JÚNÍ 2023

# INNLEIÐING BREYTINGA

Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI Í NORÐANVERÐUM GRAFARVOGI

SKÓLA- OG FRÍSTUNDA SVIÐ

SOFFÍA PÁLSDÓTTIR SKRIFSTOFUSTJÓRI FRÍSTUNDA MÁLA

SOFFÍA VAGNSDÓTTIR, SKRIFSTOFUSTJÓRI GRUNNSKÓLAMÁLA

## INNGANGUR

Breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi voru samþykktar í borgarstjórn 19. nóvember 2019. Samþykkt var að tveir skólar, Borgaskóli og Engjaskóli yrðu fyrir nemendur í 1.-7. bekk og einn sameiginlegur nýsköpunarskóli, Víkurskóli, yrði fyrir nemendur á unglíngastigi í 8.- 10. bekk. Þá var samþykkt að tvö frístundaheimili, Brosbær og Hvergiland, yrðu starfrækt í yngri barna skólunum og félagsmiðstöðin Vígyn í Víkurskóla fyrir börn og unglíngar í 5. – 10. bekk. Starfshópur sem greindi stöðuna lagði fram tillögur og skilaði af sér skýrslu sem sjá má [hér](#).

## FORSAGA

Forsaga breytinganna var viðvarandi fækkun nemenda í fleiri en einum skóla í norðanverðum Grafarvogi og ljóst að ekki voru væntanleg uppbyggingarsvæði eða þéttingarsvæði í nánd við skólana. Ein lykiltreyta í ákvörðuninni var sú að nemendur fái að ganga í skóla sem endurspeglar fjölbreytni nemendahópa. Því var nauðsynlegt að skoða tvær óhagstæðar rekstrareiningar sem reknar voru í fjórum fjórum skólabyggingum sem allar voru með óhagstæðan nemendafjölda. Breytingarnar voru ekki síst gerðar til að efla faglegt skóla- og frístundastarf í þágu nemenda og starfsfólks skólahverfanna.

## STJÓRNUN INNLEIÐINGAR

### Yfirhópur

Settur var saman yfirhópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi sem bar ábyrgð á samræmingu og samhæfingu verkefnisins.

Yfirhópurinn skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar
- Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla
- Eva Vilhjálmisdóttir, fulltrúi kennara Kelduskóla
- Gunnar Bessi Þórisson, fulltrúi kennara Vættaskóla
- Halla Magneudóttir, fulltrúi foreldra Vættaskóla
- Kristjana Erlen Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra Kelduskóla
- Sigrún Harpa Magnúsdóttir, matssérfræðingur SFS
- Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
- Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS
- Þuríður Óttarsdóttir, skólastjóri Vættaskóla

Yfirhópur hélt nokkra sameiginlega fundi með innleiðingarhópum en einnig með stjórnendum skólanna og frístundastarfsins sérstaklega. Þá var einnig fundað með fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs vegna samgöngumála í hverfinu.

Allir fundir voru þannig uppbyggðir að innleiðingarhópar sögðu frá stöðu innleiðingar á sínum starfsstað, áskorunum og velgengni, farið var yfir upplýsingar frá umhverfis- og skipulagssviði

um stöðu og framkvæmdir í hverfinu vegna samgönguumbóta og auk þess var innlegg frá Dr. Ingvari Sigurgeirssyni sérfræðingi frá menntavísindasviði Háskóla Íslands m.a. um teymisvinnu, nýsköpun í skólastarfi og fleira.

Yfirhópur lét gera heildarsamantekt á öllum könnunum sem fyrir lágu um skóla- og frístundastarf eftir breytingarnar á árunum 2020 – 2022.

Allar upplýsingar um starfsemi yfirhóps og innleiðingarhópa vegna verkefnisins er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/skola-og-fristundastarf-i-nordanverdum-grafarvogi>

### Þrjú innleiðingarhópar

Settir voru saman þrjú innleiðingarhópar, einn við hvern skóla, Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla. Í hverjum hópi voru fulltrúar stjórnenda grunnskóla og frístundastarfs, nemenda, foreldra, kennara, starfsfólks og fulltrúar af skóla- og frístundasviði. Þá vann Ingvar Sigurgeirsson bæði með stýrihópnum og einnig með hverjum innleiðingarhópi skólanna eftir þörfum. Stýrihópurinn var auk þess í samstarfi við þau önnur svið borgarinnar sem komu að breytingarferlinu sjálfu, m.a. umhverfis- og skipulagssviðs vegna umbóta sem þurfti að gera á samgöngum til og frá skólunum vegna skipulagsbreytinganna.

Hóparnir funduðu bæði einir og sér, en einnig allir saman með yfirhópi.

Þessum fjórum hópum var ætlað að starfa í þrjú ár frá upphafi breytinganna til að tryggja að innleiðingin gengi eins vel eftir og mögulegt var, festa breytingar vel í sessi og taka á þeim áskorunum sem upp komu í innleiðingarferlinu öllu.

Stýrihópur innleiðingarinnar hafði það hlutverk að styðja við innleiðingarhópa í hverjum skóla, tryggja samstarf við umhverfis- og skipulagssvið og fylgja eftir ákvörðunum sem teknar voru í upphafi og á innleiðingarferlinu.

Eins og áður sagði var innleiðingarhópur fyrir hvern skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð sem hafði það hlutverk að fylgja eftir farsælli innleiðingu. Kallað var eftir lokagreinargerð frá hverjum innleiðingarhópi og fylgir samantekt hér fyrir neðan.

Í þessari skýrslu er samantekt á vinnu innleiðingarinnar, hvernig til hefur tekist og hvaða ávinningur og áskoranir hafa birst í innleiðingarferlinu.

### VIÐMIÐ UM STÆRÐ SKÓLA

Markmiðið er að allar stofnanir skóla- og frístundasviðs séu fjárhagslega og faglega sjálfbærar. Staða starfsstöðva sviðsins er misjöfn, svo sem hvað varðar stærð og staðarhætti og því mikilvægt að hafa viðmið er taka til þess þegar metið er hvort leggja eigi til skipulagsbreytingu. Nýbyggingar heildstæðra grunnskóla skulu að jafnaði vera fyrir 550-650 nemendur.

Við hvern grunnskóla skal gert ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöð í samræmi við barnafjölda í viðkomandi skóla, sbr. skilgreiningu á rýmisþörf frístundaheimila og félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar og einnig Byggingareglugerð nr. 112/2012 gr. 6.9.3.

Þegar metin er þörf fyrir nýbyggingar eða viðbyggingar skal skoða, með tilliti til viðmiðanna hér að neðan, hvort litlum einingum í nágrenni verði lokað og starfsemin færð inn í nýbygginguna/viðbygginguna.

Horft skal til stærðar starfseininga með tilliti til hagkvæmni í rekstri og nýtingu aðstöðu, svo sem mötuneytis, íþróttá-, list- og verkgreinarýmis, stjórnunarspannar, faglegs starfs, aðalnámskráa leikskóla og grunnskóla og starfskrár frístundastarfs. Mikilvægt er að horfa til þróunar barnafjölda á einstakri starfstöð yfir tíma en ekki tilfallandi fækkun/fjölgun.

## UMBÆTUR Í SAMGÖNGUMÁLUM

Til að tryggja umferðaröryggi nemenda, þá var haustið 2019 farið í úttekt á umferðaröryggismálum. Mánaðarmótin september/október 2019 var gerð könnun á leiðum barna til skóla, en þau gögn sýna okkur meðal annars hvar börnin eru á ferðinni og atriði sem þau telja að séu ekki nógu góð, til dæmis of mikil umferð, vantar lýsingu o.s.frv.

Þann 4. desember var haldinn vinnufundur með nemendum, stjórnendum og fulltrúa skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar til að skoða og ræða þörf fyrir aðgerðir. Út frá þessu setti skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar fram aðgerðaráætlun sem var boðin út vorið 2020 og framkvæmdum var lokið í október sama ár. Þessar aðgerðir voru til dæmis lækkun hámarkshraða, hraðalækkandi aðgerðir, ný tenging með göngustíg á milli Staðahverfis og Víkurhverfis, ný gangbrautarljós, bætt lýsing á gangbrautum, og nýjar gangbrautir með bættri lýsingu. Til viðbótar við þetta og í tengslum við uppbyggingu Gufuneshverfis þá var umferðaröryggi á gönguþverunum yfir Strandveg til móts við Borgarveg bætt sumarið 2021, og verið er að leggja lokahönd á nýjan göngu og hjólastíg frá hverfinu upp að Strandvegi. Einnig hefur hámarkshraði verið lækkaður á fleiri götum í norður Grafarvogi. Könnun á leiðum barna til skóla var endurtekin árið 2022 og þau gögn benda til þess að nemendur velji í miklu mæli að þvera stærri götur þar sem eru góðar og hlutfallslega öruggar gönguþveranir.



<https://reykjavik.is/skola-og-fristundastarf-i-nordanverdum-grafarvogi>

## Niðurstöður úr könnunum

Samantektin úr könnunum sýnir að foreldra-, starfsmanna- og nemendakannanir komu vel út í heildina árin 2021 og 2022 fyrir skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi stuttu eftir breytingar. Í foreldrakönnunum 2022 var svarhlutfall gott. Niðurstöður komu heilt yfir vel út fyrir Borga- og Engjaskóla í flestum spurningum en voru aðeins lægri í Víkurskóla, samanborið við aðra unglingaskóla eða unglingastig. Foreldrakönnun frístundaheimila 2021 kom einnig aðeins lægra út í Hvergilandi í samanburði við frístundaheimili í Reykjavík en niðurstöður voru heilt yfir hærri í frístundaheimilinu Brosbæ.

Starfsmannakannanir komu nokkuð vel út í norðanverðum Grafarvogi 2022. Allir starfsstaðir voru hærri en aðrir starfsstaðir SFS í spurningunni „Vellíðan og hugarfar grósku“. Gulir þættir voru þó einhverjir og fleiri í Víkurskóla en öðrum starfsstöðvum þegar könnun var gerð í mars 2022.

Í nemendakönnun Skólapúlsins 2021 í Borga- og Engjaskóla sýndu niðurstöður að þátturinn „Vellíðan“ var hærri í samanburði við aðra skóla í Reykjavík. Það átti einnig við þáttinn „Sjálfsálit“, „Trú á eigin námsgetu“ og „Samsömun“ við nemendahópinn. Könnun Rannsóknar og greiningar kom nokkuð vel út en hlutfall þeirra sem finnst skemmtilegt að lesa var þó töluvert lægra en Reykjavík í heild. Hlutfall þeirra sem „líður vel eða mjög vel eða vel í félagsmiðstöðinni“ var töluvert herra. Auk þess sögðu fleiri auðvelt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum í könnun Borga- og Engjaskóla en Reykjavík í heild.

Í nemendakönnun Rannsóknar og greiningar í Víkurskóla 2022 mátu nemendur líkamlega og andlega heilsu sína betri en nemendur í öðrum unglingaskólum/deildum í Reykjavík. Í nemendakönnun Skólapúlsins voru tvær kannanir Skólapúlsins 2021 og 2022 bornar saman fyrir Víkurskóla og í samanburði við aðra unglingaskóla/deildir. Þar sést að sex mikilvægir þættir hækkuðu milli ára, t.d. „sjálfsálit“ og „agi í tímum“.

## ENGJASKÓLI – skil innleiðingarhóps

### Fundur innleiðingarhóps

Starfshópurinn sem vann að innleiðingu á breytingum í Engjaskóla og frístundaheimilisins Brosbæjar hittist fimm sinnum á starfstímanum auk þess sem hópurinn hélt einn sameiginlegan fund með skólaráði Engjaskóla 26. maí 2021.

Á fundunum ræddi hópurinn faglegan ávinning breytinganna og þær áskoranir sem þeim fylgdu. Helstu faglegu áherslur voru á *Uppeldi til ábyrgðar, Byrjendalæsi, Fimmuna, Pals og K-Pals, teymiskennslu og teymisvinnu auk Heilsueflandi skóla og Skóla á grænni grein* og að mestu máli skipti að fá gott fólk til samstarfs um þau verkefni sem starfshópurinn ákvað að vinna að.

Farið var í hópvinnu innan skólans um framtíðarsýn fyrir Engjaskóla og stýrði Dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasvið HÍ þeirri vinnu. Þátttakendum var skipt í þrjá hópa sem ræddu hugmyndir um þá þætti sem fólk vildi halda áfram með og hugmyndir að nýjum hefðum eða verkefnum varðandi frístundastarf, foreldrasamstarf og hefðir og hugmyndir að viðburðum fyrir starfsmenn og nemendur.

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar kynnti hugmyndir um starfið fyrir 10 – 12 ára börn innan félagsmiðstöðvarinnar og mjög náið samstarf var á milli skólans og frístundastarfsfólks í innleiðingunni.

*Leiðsagnarnám og Uppeldi til ábyrgðar* hefur verið leiðarljós í starfinu frá upphafi og val á miðstigi og hringekjur gengið vel. Fulltrúar nemenda tóku undir að skólastarfið gengi vel og að skólinn væri að verða skemmtilegri. Einnig var rætt um það sem betur mætti fara og kom fram að kennarar söknuðu ýmis konar tæknibúnaðar frá fyrri starfsstöðum, en jafnframt var rætt um hvernig mætti bæta umgengni og að starfsmenn bæru sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum. Covid-19 hafði sett mark sitt á skólastarfið í byrjun skólaársins eins og víðar. Framkvæmdir voru í gangi til að bæta samgöngur og umferðaröryggi í grennd við skólann eins og lagt hafði verið til.

Skólaráð hafði verið myndað og hist einu sinni og búið að stofna foreldrafélag með liðsinni SAMFOKs. Skólareglur voru í mótun. Forstöðumaður frístundaheimilisins Brosbæjar sagði frá starfinu í frístundaheimilinu sem hefði farið vel af stað, aðstaðan væri til fyrirmyndar og rými gott fyrir starfseminna. Fulltrúar kennara töldu að nemendur hefðu aðlagast vel og reynt að blanda vel í bekkina.

Stefnumótun hefði gengið samkvæmt áætlun og margar frábærar hugmyndir um skólastarfið komið fram á skólaþingi. Fulltrúar kennara sögðu frá verkefnum sem hefðu gengið vel og nefndu t.d. *LÁN-verkefnið*, áhugasviðsverkefnum, landkynningarverkefni um Norðurlönd í 6. bekk, „Fimmunni“ á yngsta stigi, lestrarátaki, o.fl. Fram kom að mikil ánægja væri með stjórnendur skólans sem hafi stutt vel við starfið í skólanum. Skólastjóri sagði einnig frá ýmsum samstarfsverkefnum, bæði innan skólans og á hverfavisu. Jafnframt var rætt um hlutverk innleiðingarhóps og hvort það skaraðist við hlutverk og verkefni skólaráðs.

Á sameiginlegum fundi innleiðingarhóps og skólaráðs Engjaskóla sem haldinn var 26. maí 2021 sagði skólastjóri frá því að skólinn hefði fengið viðurkenningu sem *Fyrirmyndar-starfsstaður 2020- 2021* sem byggði á viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Sagðist skólastjóri afar stoltur af þessari viðurkenningu, sérstaklega þar sem viðhorf starfsmanna væru lögð til grundvallar. Jafnframt var farið yfir skipulag skólaársins 2021- 2022, helstu framkvæmdir sem framundan voru, skipulagi vordaga og skólalokum vorið 2021 og rætt um hlutverk innleiðingarhópsins á næsta skólaári. Stefnt verði að einum fundi á önn þar til starfstíma hópsins lýkur. Á fundinum kom jafnframt fram að foreldrafélag Engjaskóla hefði fengið tilnefningu frá skólanum til foreldraverðlauna Heimilis og skóla sem *dugnaðarforkar* sem stjórn félagsins kunni vel að meta.

### Húsnæði og áskoranir

Ýmislegt hefur verið lagað og bætt í húsnæði og aðstöðu s.s. að bæta kaffiástöðu fyrir starfsmenn, kaupa inn hugguleg húsgögn og muni í samráði við hönnunarteymi skólans. Rými á milli bókasafns og tölvuvers var opnað með glerhurðum og heitir þetta rými í dag upplýsinga- og tækniver. Búið er að skipta út gardínum í tölvustofu, bókasafni, hátíðarsal og tónmenntastofu. Gangar og skólastofur voru málaðar en nauðsynlegt að halda því við með reglulegri viðhaldi.



Starfshópur um innleiðingu á breytingum skóla- og frístundastarfs fyrir börn í Engjaskóla hefur nú lokið störfum. Því miður litaði heimsfaraldur starf hópsins og því urðu fundir hópsins ekki eins margir og annars hefði orðið. Starfshópurinn og skólaráð vilja ítreka mikilvægi þess að þær framkvæmdir sem tengjast breytingunum og ekki hefur verið lokið verði settar í forgang og þeim lokið sem allra fyrst.

## BORGASKÓLI – skil innleiðingarhóps

### Fundur innleiðingarhóps

Innleiðingarhópur Borgaskóla dró fram ávinning af breytingunum, en einnig helstu áskoranir sem í vegferðinni birtust og um leið lærdóm af ferlinu í heild. Unnið var eftir sýn skólans sem er **Borgaskóli - skapandi skóli fyrir alla** undir kjörorðunum **Jákvæðni - virðing - vinátta**.

Ávinningur af breytingum er margskonar. Má þar fyrst nefna að nú er allt skóla- og frístundastarfið í einu húsi. Með því að hafa alla starfsemina á sama stað auðveldar það samvinnu allra; nemenda, frístundaráðgjafa, kennara og stjórnenda.

Mikilvægt var að skoða vel hvað starfsmannahópurinn í nýjum skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð var með í farteskinu af fagþekkingu þegar ný sýn og stefna var mótuð. Lögð var áhersla á að efla sameiginlegan skilning með umræðum og ígrundun sem hefur skilað sér í góðu faglegu starfi bæði í skóla- og frístundastarfinu.

Það sem einkum einkennir faglegt starf í Borgaskóla er áhersla á leiðsagnarnám þar sem leið nemenda er vörðuð af námsmarkmiðum ásamt því að nemendur temja sér vaxandi hugarfar og þrautseigu í námi og leik.

Borgaskóli leggur áherslu á nýsköpunarhugsun og kennslu í nýsköpun. Allir nemendur takast á við nýsköpunarverkefni af fjölbreyttum toga.

Verkefnið stærðfræðileiðtogar var sett af stað og er það unnið í samstarfi við sérfræðinga frá menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Borgaskóli samþykkti að verða Grænfánaskóli og var fyrsti fáninn afhentur 2. nóvember 2022 og var það samstarfsverkefni skóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar.

Borgaskóli er núna á öðru ári í innleiðingarferli Barnasáttmálans og er það einnig í samstarfi við frístundaheimili og félagsmiðstöð. Virkt nemendalýðræði einkennir starf Borgaskóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar.

Nemendaping eru haldin árlega í öllum árgöngum og niðurstöður nýttar í skólastarfinu. Nemendur eru virkir þátttakendur í skólaráði, nemendaráði, barnaráði, umhverfisráði og réttindaráði.

Nemendur komu úr tveimur skólum sem voru með mismunandi áherslur og móta þurfti skólabrag frá grunni. Lögð var mikil áhersla á hópefli nemenda í nýjum skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð allt frá upphafi. Félagsmiðstöð er með aðsetur í öllum þremur skólunum og er með opnanir á öllum stöðum.

Semja þurfti nýja skólanámskrá og einfalda hæfniviðmið í öllum námsgreinum. Þá þurfti að efla sameiginlegan faglegan skilning kennara á leiðsagnarnámi, leiðsagnarmati, nýsköpun og grænfána.

Mikilvægt að nefna að áhrif Covid 19 faraldurs höfðu auðvitað áhrif á innleiðingarferlið og var það viðbótaráskorun í öllu þessu ferli.

Stjórnendur sóttu um utanaðkomandi styrki og fengu úthlutað m.a. B - hluta þróunarstyrk vegna stærðfræðileiðtoga í samstarfi við HÍ og úr Sprotasjóði vegna þátttöku sem þekkingarskóli í leiðsagnarnámi og vegna nýsköpunar.

B – hluta þróunarstyrkur varð einnig til þess að hægt var að fara af stað með öflugt hópeflisstarf á miðstigi í samstarfi við félagsmiðstöð sem fram fór á skólatíma og allir nemendur tóku þátt í en sérstök áhersla var lögð á að vinna með 7. bekkinn. Skýrslu um verkefnið má finna á vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar:

<https://menntastefna.is/strengths/fristundafraedingur-a-midstigi/>

### Húsnæði og áskoranir

Húsnæði Borgaskóla var rýnt með tilliti til skóla- og frístundastarfs fyrir yngri nemendur og gerðar áætlanir um ýmsar endurbætur og breytingar. Gerðar voru m.a. endurbætur á kaffistofu Borgaskóla. Mikilvægt er að ítreka að þær framkvæmdir sem tengjast breytingunum og ekki hefur verið lokið verði settar í forgang og þeim lokið sem allra fyrst.

## VÍKURSKÓLI – skil innleiðingarhóps

### Fundur innleiðingarhóps

Starfshópurinn sem vann að innleiðingu á breytingunum í Víkurskóla og Vígyn hittist sex sinnum á starfstímanum auk þess sem hann fundaði einu sinni með skólaráði. Heimsfaraldur, starfsmannabreytingar og útskrift fulltrúa nemenda úr grunnskóla sem sátu í hópnum höfðu áhrif á samsetningu starfshópsins þegar leið á starfstíma hans. Ingvar Sigurgeirsson var ráðgefandi í ákveðnum verkefnum sem snéru að skólastarfinu, s.s. varðandi vinnu við samþættingu námsgreina.

Á fundunum var meðal annars farið yfir verkefni hópsins, kynntar hugmyndir og vangaveltur skólastjóra um nýsköpunarskóla og umræður um þær. Farið var yfir stöðuna varðandi starfsmannamál. Lögð var könnun fyrir starfsfólk til að fá upplýsingar um hvar það hafði áhuga á að starfa í kjölfar breytinganna.

Kynnt var vinna félagsmiðstöðvarinnar í tengslum við fyrirhugaðar breytingar og það sem fram undan var í tengslum við það markmið að skapa jákvæðni og samheldni í barna- og unglingshópnum. Mannauðsmál voru unnin í samráði við stéttarfélögin enda mikilvægt að vanda til verka. Ræddar voru þær hugmyndir sem skóli og félagsmiðstöð vildu leggja áherslu á í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu. Kynning var á verkefninu *Draumaskólinn* þar sem nemendur settu fram hugmyndir varðandi nýja skólann.

Þekking var sótt víða við undirbúning á opnun nýs skóla og m.a. frá ráðstefnunni *Menntun um störf til framtíðar* þar sem fjallað var um mikilvægi þess að hafa skýra sýn á framtíðina og hvað uppsetning skólastarfsins skiptir miklu máli í því samhengi. Fundað var með arkitektum og fasteignastjóra vegna framkvæmda, gefin innsýn í fyrirhugað kennslufyrirkomulag og ferli ráðninga kennara og starfsfólks bæði við skóla og félagsmiðstöð. Forstöðumaður



félagsmiðstöðvar upplýsti um nýtt nafn á félagsmiðstöðinni í framhaldi af nafnasamkeppni en nafnið Vígyn varð fyrir valinu.

Sambætting námsgreina var mikil áskorun við upphaf starfsins og var Ingvar Sigurgeirsson frá menntavísindasviði Háskóla Íslands þar ráðgefandi. Ánægja var með skólabraginn þrátt fyrir Covid-19. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar var með innlegg um þá þjónustu sem félagsmiðstöðin var að veita en starfsfólk hennar var til staðar í frímínútum, hádegishléum, á daginn og á kvöldin eins og hægt var fyrstu vikur í starfinu. Unglingahóparnir náðu vel saman enda búin að eiga sér stað markviss vinna varðandi það að sameina hópana. Lögð var áhersla á gott upplýsingastreymi til foreldra sem reyndist alveg nauðsynlegt. Skólustjóri sagði frá samstarfi við Samtök iðnaðarins, Hugverkaráð, Borgarholtsskóla, Mixtúru o.fl.

Lögð hefur verið áhersla á fjölbreytni í námi, þemavinnu, rannsóknarverkefni, skapandi verkefni, leiðsagnarnám og markvissa endurgjöf frá kennurum. Skóli og félagsmiðstöð eru að taka þátt í mörgum spennandi verkefnum eins og Réttindaskóla/Réttindafélagsmiðstöð, Heilsueflandi grunnskóla, kennslu í kynjafræði, Hinsegyn – hinseginvænn Grafarvogur, námssamfélagi stærðfræðikennara o.fl.

*Innleiðingarhópurinn* ræddi skörun á þeim við verkefni og vinnu skólaráðs en fulltrúar eru að hluta til þeir sömu sem eru í skólaráði og starfshópnum og því mögulega samlegðaráhrif í vinnu þessara fulltrúa.

Stefnumótunarvinna hefur gengið hægar en upphaflega var áætlað af ýmsum ástæðum. Uglurnar verða þá einnig fyrir 10. bekkina, en ein af sérstöðum Víkurskóla eru svo kallaðar Uglur þar sem kennsla er sambætt annars vegar í íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsinga- og tæknimennt og hins vegar í ensku, íslensku, samfélagsfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Uglur eru skipulagðar af Ugluteymum þar sem sjónum er beint að styrkleikum hvers og eins kennara.

## Húsnæði og áskoranir

Ýmsar breytingar voru gerðar á húsnæðinu innanhúss til að laga að nýrri starfsemi unglingskóla s.s. á bókasafni og vinnuherbergi kennara og breyting á þjónustu í mötuneyti. Ýmislegt er þó eftir sem óskað var eftir við breytingarnar eins og nemendaskápar og er orðið afar brýnt að fá þá í uppsetta.

Starfshópur um innleiðingu á breytingum skóla- og frístundastarfs fyrir börn í Víkurskóla hefur nú lokið störfum. Því miður litaði heimsfaraldur starf hópsins og því urðu fundir hópsins ekki eins margir og annars hefði orðið. Mikilvægt er að ítreka að þær framkvæmdir sem tengjast breytingunum og ekki hefur verið lokið verði settar í forgang og þeim lokið sem allra fyrst.

## Lokaorð

Innleiðingu breytinga er nú lokið. Það er mat yfirhóps að breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi hafi á heildina tekist afar vel. Öflugt og faglegt skóla – og frístundastarf er nú í öllum einingum og viðhorfskannanir sýna að almenn ánægja er með starfið. Þá var almenn ánægja með hvernig til tókst í endurbótum á samgöngum í hverfunum í tengslum við breytingar á skóla- og frístundastarfinu.

Upplýsingar um breytingar á skóla- og frístundastarfi í Norðanverðum Grafarvogi og ýmis gögn sem tengjast þeirri vinnu er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/skola-og-fristundastarf-i-nordanverdum-grafarvogi>